

# Lög

## um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn almannatrygginga, sbr. 1. gr., og Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingastofnun annast framkvæmd almannatrygginga samkvæmt lögum þessum.

##### 2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins eftir hverjar alþingis-kosningar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni starfsreglur og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

##### 3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. gr., skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka stofnuninni langtímaáætlun. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og að rekstur stofnunarinnar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Þá skal stjórnin tilnefna fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í samninganefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. 39. gr., og fulltrúa í nefnd skv. 35. gr.

Formaður stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur stofnunarinnar er ekki í samræmi við fjárlög.

##### 4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar.

##### 5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

Ráðherra setur forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið. Í erindisbréfi skal enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins.

Forstjóri ber ábyrgð á að Tryggingastofnun ríkisins starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 2. mgr. Forstjóri ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

## 6. gr.

Í stað orðsins „Tryggingaráð“ í 3. mgr. 7. gr. b laganna kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Tryggingaráðs“ í 2. mgr. kemur: stofnunarinnar.
- b. 3. mgr. fellur brott.

## 8. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

## 9. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins metur örorku þeirra sem sækja um örorkulífeyri samkvæmt sérstökum örorkustaðli. Ráðherra setur reglugerð um örorkustaðalinn að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Heimilt er að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Tryggingaráð“ í 3. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
- b. Í stað orðanna „Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar“ í 4. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

## 11. gr.

Á eftir orðunum „Um tekjutryggingu“ í 14. mgr. 17. gr. laganna kemur: og tekjutryggingarauka.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 23. gr. laganna:

- a. Orðin „samkvæmt nánari reglum sem tryggingaráð setur“ í 2. másl. falla brott.
- b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

## 13. gr.

Orðin „eftir nánari reglum er tryggingaráð setur“ í 2. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

## 14. gr.

Í stað orðsins „Tryggingaráði“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

## 15. gr.

Í stað orðanna „reglum er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs“ í 1. másl. 5. mgr. 29. gr. laganna kemur: reglugerð er ráðherra setur.

## 16. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 29. gr.“ í 4. mgr. 30. gr. laganna kemur: 5. mgr. 29. gr.

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa“ í 3. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
- b. Orðin „um starfsemi sjúkratryggingadeildar“ í 4. mgr. falla brott.

## 18. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á viðurkenndri lækni meðferð erlendis á sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp hér á landi og greiðir þá Tryggingastofnun ríkisins kostnað við meðferðina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og lækni-hjálp sem nauðsynleg er erlendis í tengslum við meðferðina.

Innan Tryggingastofnunar ríkisins skal skipa nefnd sem ákveður hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi og hvar sjúkratryggður skuli njóta meðferðar erlendis. Í nefndina skal skipa fjóra sérgreinalækna og aðra fjóra til vara sem hafa góða yfirsýn yfir þá heilbrigðisþjónustu sem í boði er á Íslandi. Auk þess á fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Nú velur sjúkratryggður meðferð á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þá aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað.

Í stað úrræðis sem getið er um í 1. mgr. og með sömu skilyrðum og þar greinir er nefndinni heimilt að ákveða að sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti sjúklingi meðferð á sjúkrahúsi hér á landi og greiðir stofnunin þá launa- og ferðakostnað sérfræðingsins.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

## 19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sérfræðingum“ og „sérfræðings“ hvarvetna í b-lið 1. mgr. kemur í við-eigandi beygingarfalli: sérgreinalæknir.
- b. Í stað orðanna „reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir“ tvívegis í i-lið 1. mgr. kemur: ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur.
- c. Í stað orðsins „sérfræðilæknum“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: sérgreinalæknum.

## 20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 37. gr. laganna:

- a. Orðin „samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs“ í 3. tölul. falla brott.
- b. Við 3. tölul. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.
- c. Orðin „eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs“ í 4. tölul. falla brott.
- d. Við 4. tölul. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

## 21. gr.

Í stað orðanna „Tryggingaráð skal setja reglur“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Ráðherra setur reglugerð.

## 22. gr.

3. másl. 1. mgr. 49. gr. laganna fellur brott.

## 23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 51. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr.“ í 1. másl. kemur: eftir fjögurra mánaða samfellda fangelsisvist eða dvöl.
- b. Á eftir 1. másl. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Þegar bætur hafa verið felldar niður er heimilt að greiða fanga vasapeninga í samræmi við 8. mgr. 43. gr.

## 24. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnumarkaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

## 25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögnum:

- a. Í stað orðsins „tryggingaráði“ í síðari málslíð 2. mgr. 1. tölul. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
- b. 2. og 8. tölul. falla brott.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.**

## 26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
 

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfspjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, makabætur, umönnunarbætur, dánarbætur, endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, frekari uppbætur, uppbót vegna kaupa á bifreið, uppbót vegna reksturs bifreiðar og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.
- b. 3. mgr. orðast svo:
 

Tryggingastofnun ríkisins greiðir bætur samkvæmt lögum þessum.

## 27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Tryggingaráði“ í 1. másl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
- b. Orðin „samkvæmt reglum er tryggingaráð setur“ í 2. másl. falla brott.

## 28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar“ í 1. másl. kemur: Tryggingastofnun.
- b. Í stað orðsins „Lífeyrisdeild“ í 3. og 8. másl. kemur: Tryggingastofnun.
- c. Orðin „eftir reglum er tryggingaráð setur“ í 9. másl. falla brott.
- d. Orðin „samkvæmt reglum er tryggingaráð setur“ í 11. másl. falla brott.
- e. Í stað orðanna „Í reglum sem tryggingaráð setur um rétt“ í 12. másl. kemur: Við ákvörðun á rétti.
- f. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
 

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

## 29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Orðin „eftir reglum sem tryggingaráð setur“ í lokamáslíð 1. mgr. falla brott.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Orðin „eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir“ í 2. másl. falla brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

31. gr.

Í stað orðsins „umönnunarbótaþega“ í 1. másl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: umönnun-argreiðsluþega.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðin „og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur“ í 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laganna skal stjórn Tryggingastofnunar ríkisins skipuð í fyrsta skipti 1. júlí 2004. Frá sama tíma fellur niður umboð tryggingaráðs sem nú situr. Ráðherra skal jafnframt setja núverandi forstjóra erindisbréf, sbr. 6. gr. laganna, ekki síðar en 1. júlí 2004.

---

*Samþykkt á Alþingi 28. maí 2004.*